



379. fundur framkvæmdastjórnar ÍSí var haldinn í fundarsal framkvæmdastjórnar ÍSí, Íþróttamiðstöðinni í Laugardal, miðvikudaginn 20. ágúst 2025 kl. 16:00.

Mætt: Willum Þór Þórsson forseti, Anton Sveinn McKee, Daníel Jakobsson, Hafsteinn Pálsson, Hjördís Guðmundsdóttir, Kári Mímisson, Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir, Olga Bjarnadóttir, Ragnheiður Ríkharðsdóttir, Sigurjón Sigurðsson, Trausti Gylfason, Viðar Garðarsson, Þórdís Anna Gylfadóttir, Þórey Edda Elísdóttir, Andri Stefánsson framkvæmdastjóri og Halla Kjartansdóttir sviðsstjóri Stjórnsýslusviðs.

Microsoft Teams: Heimir Örn Árnason.

Forföll: Elsa Nielsen.

Dagskrá:

Willum Þór Þórsson forseti setti fund og stýrði honum.

1. Samantekt skrifstofu

Vísað var til samantektar skrifstofu ÍSí sem fylgdi fundargögnum, um helstu verkefni skrifstofunnar þessar vikurnar. Umræður urðu um einstaka liði samantektarinnar.

2. Skipan í embætti stjórnar, nefndir og ráð

Forseti fór yfir ferlið sem viðhaft var við skipan í embætti stjórnar, nefndir og ráð ÍSí.

Embættismenn stjórnar á yfirstandandi starfstímabili verða Þórey Edda Elísdóttir, 1. varaforseti, Olga Bjarnadóttir 2. varaforseti og Daníel Jakobsson gjaldkeri.

Viðar Garðarsson óskaði eftir bókun á mótmælum hans við skipan kvenna í bæði varaforsetaembætti framkvæmdastjórnar. Sagðist hann vera þeirrar skoðunar að sá sem hlaut flestu atkvæðin í stjórnarkjörinu ætti að vera skipaður í annað varaforsetaembættið. Forseti benti á að fullkomið kynjahlutfall væri í embættismannahópnum eins og hann væri nú skipaður en einnig hefði verið litið til jafnvægis á milli nýrra aðila, reynslu og þekkingar.

Forseti ræddi sýn sína á starfið sem framundan er á starfstímabilinu á milli Íþróttapinga og þau verkefni sem liggja fyrir í kjölfar Íþróttapingans í maímánuði.

Framkvæmdastjórnarfólki hefur verið raðað í nefndir og ráð ÍSí en framundan er að óska eftir tilnefningum úr hreyfingunni í ýmsar nefndir og ráð og ljúka við gerð verkefnalýsinga fyrir nefndirnar. Upplýsingar um skipan nefnda og ráða verður birt á heimasíðu ÍSí þegar búið er að manna þau að fullu og senda út skipunarbréf.

Tvö ný ráð verða skipuð; stefnumótunarráð og stjórnarsáttmálaráð, sem munu vinna náið með upplýsinga- og fjölmiðlanefnd/markaðsnefnd ÍSí. Framundan er gagnger stefnumótunarvinna fyrir ÍSí, sem taka mun mið af þörfum íþróttahreyfingarinnar. Fengin verður utanaðkomandi aðstoð við það utanumhald. Lögð er áhersla á að þeirri vinnu verði hraðað þar sem gera má ráð fyrir að niðurstöður úr þeirri vinnu kalli á skipulagsbreytingar.

Forseta og framkvæmdastjóra veitt heimild til að að hafa samband við aðila utan framkvæmdastjórnar ÍSí um setu í nefndum og ráðum, eftir atvikum, með hliðsjón af þeirri uppsetningu sem fram var sett í drögum á fundinum.

3. Starfsreglur framkvæmdastjórnar ÍSÍ

Lögð fram uppfærð drög að starfsreglum framkvæmdastjórnar ÍSÍ.

Nokkrar athugasemdir voru gerðar, bæði efnislegar og til samræmingar á texta. Stjórnsýslusviði falið að lagfæra reglurnar með hliðsjón af þeim athugasemdum sem komu fram á fundinum og verða þær teknar aftur fyrir á næsta fundi framkvæmdastjórnar til afgreiðslu.

Forseti lagði áherslu á að starfsreglur stjórnar geta tekið breytingum hvenær sem er á starfstímabili stjórnar, ef ástæða þykir til endurskoðunar.

4. Úthlutunarreglur starfslauna fyrir afreksíþróttafólk og þjálfara

- *Rafrænt samþykki*

Rafrænt samþykki framkvæmdastjórnar frá 14. júlí síðastliðnum, varðandi umsóknarfrest og útsendingu til sérsambanda á drögum að úthlutunarreglum starfslauna, formlega bókað í fundargerð.

- *Drög að úthlutunarreglum*

Miklar umræður urðu um drögin og einstaka þætti þeirra. Formanni AMÍ falið að koma athugasemdum sem fram komu á fundinum í farveg og sjá til þess að drögin verði rýnd með starfsfólki AMÍ, með hliðsjón af þeim.

5. Ólympíuhátíð Evrópuæskunnar (EYOF) í Skopje

- *Rafrænt samþykki á þátttakendum á EYOF*

Rafræn samþykkt stjórnar frá 7. júlí síðastliðnum, á þátttakendum á EYOF í Skopje, formlega staðfest í fundargerð.

- *Aðstæður og atvik á EYOF*

Nokkrar ólympíunefndir í Evrópu hafa sent athugasemdir til EOC vegna aðstæðna í Skopje í N-Makedóníu á Ólympíuhátíð Evrópuæskunnar í júlímánuði síðastliðnum. Aðalfararstjórn Norðurlandanna á hátíðinni hafa fundað og verið er að vinna drög að sameiginlegu bréfi norrænu ólympíunefndanna til EOC vegna málsins.

Forseti og þrír meðstjórnendur sóttu hátíðina, ásamt framkvæmdastjóra. Gríðarlegur hiti var í Skopje á meðan hátíðin stóð yfir, sem framkvæmdaraðilar náðu ekki að mæta með viðunandi hætti og margar alvarlegar athugasemdir hafa komið fram frá þátttökupjóðum hátíðarinnar varðandi aðbúnað í Skopje og misrétti sem ýmsar þjóðir upplifðu varðandi gistingu. Fararstjórnar íslenska hópsins geta tekið undir margar af þeim athugasemdum sem komið hafa fram af hálfu annarra þjóða.

Komið hefur fram í bréf frá EOC að málið verður tekið til umfjöllunar og skoðunar hjá sambandinu.

Íslenski hópurinn stóð sig afar vel á hátíðinni og var góður andi í hópnum. Íþróttalegur árangur hópsins var í heild mjög góður, drengjaliðið í handknattleik vann til gullverðlauna og stúlknaliðið vann til bronsverðlauna. Sly varð á tveimur drengjum úr hópnum í hjólríðum þegar bifreið var ekið á þá á æfingu og reyndi á alla innri verkferla og fararstjórn við það atvik og í kjölfarið. Drengirnir eru báðir á góðum batavegi og hafa allir viðkomandi haft tækifæri til að nýta sér viðeigandi aðstoð til úrvinnslu á atvikinu eftir að heim var komið. Reynslan af slysinu og aðstæðum í Skopje verður nýtt til að endurskoða og rýna ferla hjá ÍSÍ í ferðum sem þessum og skýra hlutverk þeirra sem koma að málum.

Fram kom hjá fulltrúum framkvæmdastjórnar í ferðinni að fararstjórar og flokksstjórar íslenska hópsins hafi gert sitt besta í erfiðum aðstæðum.

6. Starfshópur um skattskyldu íþróttastarfsemi

Fjármála- og efnahagsráðherra óskaði eftir tilnefningu tveggja fulltrúa ÍSÍ í starfshóp sem ákveðið hefur verið að skipa til að vinna greiningu á helstu reglum sem gilda um skattaleg réttindi og skyldur þeirra aðila sem hafa með höndum íþróttastarfsemi í landinu.

Í bréfi ráðuneytisins kemur meðal annars fram að mikilvægt sé að skattaleg umgjörð íþróttastarfsemi sé skýr, gagnsæ og einföld. Með slíkri umgjörð sé stuðlað að jafnræði og sanngirni í álagningu skatta og samræmingu í skattskilum íþróttafélaga.

Starfshópurinn skal í vinnu sinni horfa til leiðbeininga Skattsins um skattskyldu íþróttastarfsemi. Í hópnum munu sitja, auk tveggja fulltrúa ÍSÍ, þrír fulltrúar frá ráðuneytinu en gert er ráð fyrir því að sérfræðingar í ráðuneytinu og hjá Skattinum verði hópnum innan handar. Miðað er við að starfshópurinn skili greiningu sinni og eftir atvikum tillögum til ráðherra fyrir lok apríl 2026.

Fulltrúar ÍSÍ í hópnum verða Jón Steindór Árnason og Jónas Gestur Jónasson. Skipaður verður fimm manna faghópur sem mun vinna samhliða með íþróttahreyfingunni. Kári Steinn Reynisson rekstrarstjóri ÍSÍ verður tengiliður faghópsins.

7. Erindi Billiardssambands Íslands um viðurkenningu á knattborðsleikjum

Tekið fyrir erindi Billiardssamband Íslands þar sem óskað er eftir viðurkenningu ÍSÍ á knattborðsleikjum. Einnig lagt fram minnisblað skrifstofu ÍSÍ um stöðu knattborðsleikja á Norðurlöndunum og hjá yfirsamtökum ÍSÍ.

Framkvæmdastjórn tók jákvætt í erindið en telur nokkrum spurningum ósvarað áður en til afgreiðslu kemur. Samþykkt að fresta afgreiðslu erindisins til næsta fundar. Skrifstofa ÍSÍ aflar tilskilinna upplýsinga frá Billiardssambandinu á milli funda.

8. Afrit af umsögn STÍ um drög að breytingu á reglugerð nr. 724/2008 um hávaða

Lögð fram til kynningar umsögn Skotíþróttasambands Íslands (STÍ) um drög að breytingu á reglugerð nr. 724/ og fylgigögn. Um er að ræða breytingar sem munu hafa mikil áhrif á iðkun skotíþróttar ef þær ná fram að ganga.

Samþykkt að senda bréf til umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra til stuðnings við umsögn STÍ.

9. Málefni World Olympians Association

Alþjóðaólympíunefndin (IOC) gerði síðastliðið vor ýmsar athugasemdir við stjórnun og fjárhagsleg málefni World Olympians Association (WOA). Bæði IOC og WOA hafa sent afrit af samskiptum sínum vegna þessa til Ólympíunefnda. Nú nýlega sendu aðilar frá sér yfirlýsingu um að samtökin vinni nú saman að lausn mála og hafa þau sett saman vinnuhóp sem mun vinna að málinu fram að aðalfundi WOA í nóvember nk.

Málið kynnt fyrir framkvæmdastjórn til upplýsingar. Samtök íslenskra Ólympíufara fylgist einnig með framvindu mála.

10. Umsókn UÍF um gæðavottunina Fyrirmyndarhérað ÍSÍ

Tekin fyrir umsókn Ungmenna- og íþróttasambands Fjallabyggðar um gæðavottunina Fyrirmyndarhérað ÍSÍ. Sambandið hefur skilað öllum gögnum sem krafa er gerð um, samkvæmt Stjórnsýslusviði ÍSÍ sem annast yfirlestur gagna.

Samþykkt að veita sambandinu gæðavottunina. Unnið verður að dagsetningu og framkvæmd afhendingar í samráði við UÍF.

Almennar umræður urðu um verkefnið, mikilvægi þess og uppfærslur.

11. Nefndir EOC

- *Skipan nefnda*

EOC hefur skipað í nefndir sambandsins. ÍSí á tvo fulltrúa í nefndum sambandsins. ÍSí tilnefndi Kolbrúnu Hrund Sigurgeirsdóttur í EOC Gender Equality, Diversity and Inclusion Commission og var sú tilnefning samþykkt. Framkvæmdastjórn EOC skipaði svo Líneyju Rut sem formann EOC EYOF Commission til næstu fjögurra ára en Líney Rut á sæti í stjórn EOC. Forseti og framkvæmdastjórn lýstu yfir ánægju sinni með skipan Kolbrúnar og Líneyjar í ofangreindar nefndir.

- *Samnorrænt bréf til EOC vegna skipan aðila frá Belarús í nefndir EOC*

Þrír aðilar frá Belarús hlutu skipan í nefndir EOC. Þeirri ákvörðun var mótmælt af hálfu ýmissa Ólympíunefnda. Norrænu Ólympíunefndirnar sendu sameiginlega bréf þess efnis. Þó að ákveðinn vilji sé til þess að íþróttafólki frá Belarús sé gert kleift að taka þátt undir hlutlausum fána þá er alger samstaða um það á meðal norrænu þjóðanna að ekki sé tímabært að opna fyrir einstaklinga frá Belarús í stjórnir og nefndir í alþjóðasamböndum. Ákvörðun EOC um að velja einstaklinga frá Belarús í nefndir sambandsins ýtir undir áhyggjur um að það styttest í afléttingu banns IOC gagnvart Rússum.

Forseti áréttaði yfirlýsingu ÍSí og systursamtaka ÍSí á Norðurlöndum gagnvart Rússum og Belarús en yfirlýsingin er enn í fullu gildi.

Umræður urðu um málið.

Málefni Rússa og Belarúsa, sem og málefni Ísrael og Palestínu verða á dagskrá árlegs fundar norrænna íþrótta- og Ólympíusamtaka í Helsinki í septembermánuði.

12. Nordic Sports Meeting 2025

Árlegur fundur norrænna íþrótta- og Ólympíusambanda, sem og norrænna sambanda um íþróttir fatlaðra fer fram í Helsinki 11. - 12. september nk. Samhliða verður fundur Íþróttamannanefnda landanna.

Forseti, báðir varaforsetar, Líney Rut Halldórsdóttir ráðgjafi, framkvæmdastjóri og sviðsstjóri Stjórnsýslusviðs munu sækja fundinn, auk formanns og framkvæmdastjóra Íþróttasambands fatlaðra og tveimur fulltrúum Íþróttamannanefndar ÍSí.

13. Fundargerðir

Lagðar fram og staðfestar:

- 378. fundar framkvæmdastjórnar
- Fundar laganefndar ÍSí frá 13. ágúst 2025. Tillögur laganefndar um afgreiðslu mála staðfestar.

14. Efni til kynningar/upplýsingar

Eftirfarandi efni lagt fram til upplýsingar og kynningar:

- Skýrsla Ferðasjóðs íþróttafélaga til ráðuneytis – 2024 (útgreiðsla 2025)
- Samantektir frá fundum EOC

15. Viðburðir

Farið yfir viðburði sem framundan eru og mönnun þeirra.

16. Næstu fundir

Lögð fram fundaáætlun fyrir framkvæmdastjórn út starfstímabilið.

Næstu fundir stjórnar verða 17. september, 15. október og 19. nóvember nk.

Áætlað er að Formannafundur 2025 verði föstudaginn 21. nóvember, Formannafundur 2026 verði föstudaginn 20. nóvember og 78. Íþróttapeing ÍSí verði haldið dagana 23. og 24. apríl 2027.

17. Önnur mál

Prentað efni á fundum

Kári Mímisson gerði athugasemd við útprentun dagskrár fyrir fundinn og lagði áherslu á að reynt verði að hafa fundina alveg blaðlausa.

Fleira var ekki tekið fyrir.

Fundi slitið kl. 19:40.

Halla Kjartansdóttir, fundarritari.